

Alþingi
Erindi nr. P 123/694
komudagur 17.12.198

Minnisblað

17. desember 1998/EJH

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Frá: Fjármálaráðuneytinu

Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis eru sendar eftirfarandi tillögur um breytingu á ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, um breytta framkvæmd. Hvað varðar tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir eftirvagna er vert að taka fram að tími til útreikninga var mjög naumur, fyrirbyggjandi upplýsingar um akstur eftirvagna voru ekki fullnægjandi og erfitt að meta áhrif á tekjur af þungaskatti vegna tíðra breytinga á þungaskattskerfinu innan sama gjaldárs. Tillagan gerir ráð fyrir að sett verði sérstök gjaldskrá fyrir alla eftirvagna sem eru 6.000 kg og þyngri, og 100.000 kr. fast gjald af vögnum sem eru 14.000 kg og þyngri verði fellt niður. Gjaldskráin hækkar um 20% hjá eftirvögnum sem eru 14.000 kg og þyngri en lækkar um 5% hjá þeim sem eru léttari til að samræmi haldist í gjaldskránni.

Breytingartillögur við lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

1. 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.

2. Orðin „, tengi- og festivögnum,“ í 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna falla brott.

3. 2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald bifreiða skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:
TAFLA – sjá 3. gr. frumvarpsins.

4. Við B-lið 4. gr. bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Kílómetragjald festi- og tengivagna skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
6.000-6.999	7,63	19.000-19.999	17,31
7.000-7.999	8,01	20.000-20.999	18,24
8.000-8.999	8,36	21.000-21.999	19,29
9.000-9.999	8,73	22.000-22.999	20,51
10.000-10.999	9,28	23.000-23.999	21,49
11.000-11.999	9,62	24.000-24.999	22,46
12.000-12.999	10,83	25.000-25.999	23,55
13.000-13.999	11,85	26.000-26.999	24,59
14.000-14.999	12,17	27.000-27.999	25,70
15.000-15.999	13,10	28.000-28.999	26,79
16.000-16.999	14,15	29.000-29.999	27,87
17.000-17.999	15,18	30.000-30.999	28,96
18.000-18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

5. Við B-lið 4. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja fyrir upphaf gjaldárs að greiða í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, áætlaðan kílómetrafjölda, er samsvari 100.000 km akstri á gjaldárinu. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða áætlað kílómetragjald, skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 3. másl. 1. mgr.